

## 5. fundur skólanefndar haldinn Bláskógaskóla, Laugarvatni, miðvikudaginn 13. mars 2019, kl. 15:30.

### Fundinn sátu:

Guðrún S. Magnúsdóttir, fomaður, Kolbeinn Sveinbjörnsson, Axel Sæland, Elfa Birkisdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Lieselot Simoen, leikskólastjóri Álfaborg, Hreinn Þorkelsson, skólastjóri Bláskógaskóla Reykholti, Guðbjörg Þóra Jónsdóttir, fulltrúi stm. grunnskóla Laugarvatni, Kristín Ingunn Haraldsdóttir, fulltrúi foreldra grunnskólastigs Laugarvatni, Þóra Þöll Meldal, fulltrúi foreldra leikskólastigs Laugarvatni, Sólveig B. Aðalsteinsdóttir, fulltrúi starfsmanna Laugarvatni og Guðbjörg Gunnarsdóttir, fulltrúi starfsmanna Álfaborgar.

Forföll: Elín Svafa Thoroddsen, fulltrúi foreldra Álfaborg, Herdís Friðriksdóttir, fulltrúi foreldra Reykholti og Freydís Örylgsdóttir, fulltrúi grunnskólakennara Reykholti.

**Fundargerð ritaði:** Axel Sæland, ritari skólanefndar.

#### 1. Endurmenntunarsjóður grunnskóla, styrkumsóknir - 1903025

Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsett 25. janúar 2019 varðandi endurmenntunarsjóð grunnskóla.

*Lagt fram til kynningar.*

#### 2. Áform um lagabreytingar um menntun og ráðningu kennara og skólastjórnenda - 1902013

Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga, dagsett 25. janúar 2019, varðandi áform um lagabreytingar um menntun og ráðningar kennara og skólastjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla.

*Lagt fram til kynningar.*

#### 3. Fagráð eineltismála, kynning - 1903024

Tölvuskeyti Sambands íslenskra sveitarfélaga dagsett 28. janúar 2019, varðandi hlutverk og skipun fagráðs eineltismála í grunn- og framhaldsskólum.

*Lagt fram til kynningar.*

#### 4. Stefnumótun í málefnum barna - 1903010

Tölvuskeyti félags- og barnamálaráðherra dagsett 21. febrúar 2019 vegna vinnu við stefnumótun í málefnum barna.

*Lagt fram til kynningar.*

#### 5. Skóladagatal Bláskógaskóla Laugarvatni - 1903028

Skóladagatal Bláskógaskóla 2019-2020

*Lagt fram til kynningar.*

#### 6. Fjárhagsáætlanir leik- og grunnskóla 2019 - 1903021

Fjárhagsáætlannir skólanna kynntar.

*Elfa Birkisdóttir, skólastjóri Bláskógaskóla Laugarvatni, Hreinn Þorkelsson, skólastjóri*

**7. Innritunarreglur leikskóla - 1903022**

Drög að endurskoðuðum reglum fyrir leikskóla Bláskógabyggðar.

*Lögð voru fram drög að reglum fyrir leikskóla Bláskógabyggðar. Umræða varð um drögin og leggur skólanefnd til að þau verði samþykkt eins og þau koma fyrir.*

**8. Skólaakstur, reglugerðir - 1903023**

Skólaakstur.

*Lögð var fram umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drög að reglum um sérkröfur til skólalífreiða. Skólastjórar gerðu grein fyrir reglum um skólaakstur, búnað bifreiða og kröfur til bílstjóra. Skólanefnd fagnar endurskoðun reglnanna. Hún leggur mikla áherslu á að skólabílar og ökumenn þeirra uppfylli þær kröfur sem gerðar eru hverju sinni til slíkrar starfsemi þannig að öryggi skólabarna sé tryggt eins og kostur er.*

**9. Endurmat á samstarfi Bláskógaskóla á Laugarvatni og í Reykholti - 1903027**

Endurmat á samstarfi Bláskógaskóla, Laugarvatni, og Bláskógaskóla, Reykholti.

*Lagt var fram minnisblað skólastjórnenda með tillögum um breytingar á kennslu á unglिंगastigi næsta skólaár. Skólanefnd leggur til í ljósi umræðu á fundinum um samstarf skólanna er lýtur að kennslu á unglिंगastigi verði endurskoðað. Skólanefnd beinir því til sveitarstjórnar að farið verði í þá endurskoðun sem fyrst til að ljúka megi undirbúningi fyrir næsta skólaár.*

**10. Heimsókn belgískra leikskólakennaranema í Álfaborg - 1903026**

Belgískir leikskólakennaranemar í heimsókn í Álfaborg.

*Lieselot gerði grein fyrir heimsókn belgískra leikskólakennaranema í Álfaborg vorið 2019.*

Fundi slitið kl. 17.40

---

Guðrún S. Magnúsdóttir

---

Kolbeinn Sveinbjörnsson

---

Axel Sæland

---

Elfa Birkisdóttir

---

Lieselot Simoen

---

Hreinn Þorkelsson

---

Guðbjörg Þóra Jónsdóttir

---

Freydís Örlygsdóttir

---

Kristín Ingunn Haraldsdóttir

---

Þóra Þöll Meldal

---

Elín Svafa Thoroddsen

---

Herdís Friðriksdóttir

---

Sólveig B. Aðalsteinsdóttir

---

Guðbjörg Gunnarsdóttir

---